

Ed.

## 23. Frumvarp til laga

[23. mál]

um breyting á lögum nr. 101 frá 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

### 1. gr.

5. gr. laganna hljóði svo:

Nefnd sjö manna, sem fulltrúar framleiðenda og neytenda eiga sæti í, skal á grundvelli ákvæða 4. gr. ákveða afurðaverðið til framleiðenda og verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu, samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga. Forsætisráðherra tilnefnir formann nefndarinnar. Af hálfu framleiðenda hefur stjórn Stéttarsambands bænda rétt til þess að tilnefna tvo menn, en framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann, en af hálfu neytenda hafa stjórnir eftirtalinna samtaka rétt til þess að tilnefna einn mann hver: Neytendasamtökin, Landssamband iðnaðarmanna og Sjömannasamband Íslands. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Tilnefning fulltrúa í Sjömannanefnd fer fram á tveggja ára fresti, og skal henni lokið fyrir 1. júlí ár þau, er ártalið stendur á jafnri tölu. Nú notar einhver aðili framleiðenda eða neytenda ekki rétt sinn til tilnefningar eða dregur fulltrúa sinn til baka, og skal landbúnaðarráðherra þá tilnefna í stað þeirra samtaka framleiðenda, er ekki nota rétt sinn, en félagsmálaráðherra á sama hátt í stað samtaka neytenda.

Formaður nefndarinnar kveður nefndina saman til funda og stýrir fundum hennar. Formaðurinn skal leitast við að finna málamiðlun í ágreiningsatriðum innan nefndarinnar og leggja fram tillögur þeim til úrlausnar, er nægur meiri hluti fæst fyrir í nefndinni.

Tillaga telst samþykkt í Sjömannanefnd, ef fjórir nefndarmenn eða fleiri greiða henni atkvæði. Þó telst tillaga felld, ef allir fulltrúar framleiðenda eða allir

fulltrúar neytenda greiða atkvæði gegn henni. Fulltrúar, sem kunna að vera tilnefndir af landbúnaðarráðherra og félagsmálaráðherra, sbr. 1. mgr., teljast fulltrúar framleiðenda og neytenda í þessu sambandi.

Hagstofustjóri og forstöðumaður Búreikningaskrifstofunnar skulu vera Sjómannanefnd til aðstoðar.

## 2. gr.

6. gr. laganna hljóði svo:

Sjómannanefnd skal leitast við að ná samkomulagi um verðlagsgrundvöll, þar sem kveðið er á um framleiðslukostnað og magn afurða og um verð til framleiðenda á einstökum landbúnaðarvörum. Náist samkomulag um slíkan verðlagsgrundvöll, er stutt sé af nægum meiri hluta nefndarmanna, skal verð það til framleiðenda, sem í honum felst, gilda við verðlagningu landbúnaðarvara frá byrjun viðkomandi verðlagstímabils.

Samhliða því, að Sjómannanefnd fjallar um ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, skal framleiðsluráð landbúnaðarins láta í té rökstuddar tillögur um raunverulegan vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara og um smásöluálagningu, til verðlagningar á söluvörum landbúnaðarins frá byrjun viðkomandi verðlagstímabils. Jafnframt skal framleiðsluráð leggja fyrir nefndina tillögu um hækkanir á söluverði kindakjöts og garðávaxta vegna geymslukostnaðar á verðlagstímabilinu. Sjómannanefnd skal, með hliðsjón af þessum tillögum framleiðsluráðs, leitast við að ná samkomulagi um vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu og um geymslukostnað kindakjöts og garðávaxta. Þegar rætt er í Sjómannanefnd um álagningu á búvöru í smásölu, ber að gefa fulltrúum Kaupmannasamtaka Íslands kost á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

Nú næst ekki nægur meiri hluti í Sjómannanefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, eða varðandi verðlagningu söluvara skv. 2. mgr. þessarar greinar, og skal þá vísa ágreiningnum til yfirnefndar, er skal skipuð þrem mönnum. Fulltrúar framleiðenda í Sjómannanefnd hafa rétt til að tilnefna einn mann í yfirnefndina, þó ekki úr sínum hópi. Fulltrúar neytenda í Sjómannanefnd hafa rétt til að tilnefna einn mann í yfirnefndina, þó ekki úr sínum hópi. Oddamaður í yfirnefnd skal tilnefndur af Sjómannanefnd í heild. Nú fær enginn stuðning nægjanlegs meiri hluta Sjómannanefndar sem oddamaður, og tilnefnir þá Hæstiréttur oddamanninn. Noti fulltrúar framleiðenda ekki rétt sinn til tilnefningar í yfirnefnd, skal landbúnaðarráðherra tilnefna í þeirra stað. Noti fulltrúar neytenda ekki rétt sinn til tilnefningar í yfirnefnd, skal félagsmálaráðherra tilnefna í þeirra stað. Ráðherra er eigi heimilt að tilnefna í yfirnefnd mann, sem á sæti í Sjómannanefnd.

Fulltrúar framleiðenda í Sjómannanefnd annars vegar og fulltrúar neytenda í Sjómannanefnd hins vegar skulu leggja ágreiningsefni sín skilmerkilega fyrir yfirnefnd. Þeir skulu skriflega setja fram kröfur sínar ásamt rökstuðningi, lýsa því, sem þeir eru sammála um, og því, sem á milli ber. Yfirnefnd skal kveða upp rökstuddan fullnaðarúrskurð eigi síðar en einum mánuði eftir að ágreiningsefni er vísað til hennar.

## 3. gr.

7. gr. laganna hljóði svo:

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs til framleiðenda skv. 6. gr. gildir fyrir tvö ár í senn frá byrjun verðlagstímabils 1. september, og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma, nema annað sé ákveðið af Sjómannanefnd. Þó skal á sex mánaða fresti frá 1. september að telja taka inn verðlagsbreytingar rekstrar-kostnaðar samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands, ef fulltrúar framleiðenda eða neytenda gera kröfu til þess. Launabreytingar og breytingar á vinnslu- og dreifingarkostnaði fara eftir ákvæðum 9. gr. Verðlagsgrundvöllur hvers tímabils framlengist um eitt ár í senn, ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum framleiðenda

eða fulltrúum neytenda fyrir 1. júní á því ári, sem óskað er breytinga á honum. Þó getur Sjömannanefnd komið sér saman um annan frest. Þegar verðlagsgrundvelli hefur ekki verið sagt upp eða hann er bundinn, færir Hagstofa Íslands grundvöllinn fram til viðkomandi verðlagsárs í samræmi við áorðnar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir framreikningsreglum, sem ákveðnar hafa verið af Sjömannanefnd.

4. gr.

8. gr. laganna breytist þannig, að í stað orðsins „Sexmannanefnd“, sem kemur fyrir fimmu sinnum í greininni, komi alls staðar: Sjömannanefnd.

5. gr.

9. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðsins „Sexmannanefnd“, sem kemur fyrir sex sinnum í greininni, komi alls staðar: Sjömannanefnd.
2. Í stað orðanna „meiri hluti“ í 3. mgr. greinarinnar komi: nægur meiri hluti.

6. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðsins „Sexmannanefnd“, sem kemur fyrir þrisvar í málsgreininni, komi alls staðar: Sjömannanefnd.
2. Í stað orðanna „meiri hluti“ komi: nægur meiri hluti.

7. gr.

Aftan við 2. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:  
Útflutningsuppbætur mega þó aldrei verða hærri en 200% á neina vörutegund miðað við fob-verð.

8. gr.

Í stað „Sexmannanefnd“ í 13. gr. laganna komi: „Sjömannanefnd.

9. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 101 frá 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og gefa þau út svo breytt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að gerðar verði breytingar á II. kafla laga um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., en þessi kafli laganna fjallar um verðskráningu. Samkvæmt lögunum er það svokölluð Sexmannanefnd, er hefur það hlutverk að ákveða verðlagsgrundvöll búvöru og afurðaverð til bænda, svo og kveða á um vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvара. Náist ekki meiri hluti í Sexmannanefnd um þessi úrlausnarefni, skal vísa málinu til sáttasemjara. Beri sáttumleitaniр ekki árangur, fer ágreiningsefnið til þriggja manna yfirnefndar, er kveður upp fullnaðarúrskurð.

Sexmannanefnd er skipuð þrem fulltrúum framleiðenda og þrem fulltrúum neytenda. Þarna mætast því tveir andstæðir hópar, sem eru jafnsterkir innan nefndarinnar. Í nefndinni er enginn hlutlaus maður, og þar er haldur enginn formaður. Þetta fyrirkomulag er ekki nógu gott. Því er með frumvarpi þessu lagt til að fjölga um einn mann í nefndinni eða nánar tiltekið setja þar hlutlausan oddamann, er gegni formannsstöðu í nefndinni. Þennan formann nefndarinnar á forsætisráðherra að skipa. Hlutverk formannsins verður að kveðja nefndina saman til funda, stýra fund-

um hennar, koma fram út á við fyrir hönd nefndarinnar í heild og síðast, en ekki síst að sætta andstæð sjónarmið innan nefndarinnar og reyna eftir föngum að ná samkomulagi um málin. Þessi sjöundi maður í nefndinni á því að verða í senn formaður og sáttasemjari. Í samræmi við þetta er svo ráð fyrir gert í frumvarpinu, að sáttasemjari ríkisins verði úr leik og fái ekki ágreiningsefni innan nefndarinnar til meðferðar. Er og mála sannast, að verðlagsgrundvöllinn verður að ákveða á svo skömmum tíma, að sáttasemjari ríkisins hefur sáralítið svigrúm til að beita sér fyrir sáttum í alvöru. Formaður Sjómannanefndar á samkvæmt frumvarpinu að sjálfsögðu að hafa atkvæðisrétt í nefndinni, en réttarstaða framleiðendafulltrúa og neytendafulltrúa skerðist þó ekki í reynd við þetta, þar eða hvor hópurinn um sig á að hafa neitunarvald innan nefndarinnar, ef hann stendur saman.

Önnur breyting, sem í frumvarpinu felst, er á skipan hinna þriggja neytendafulltrúa í nefndina. Þeir eru nú tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna og Sjómannafélagi Reykjavíkur. Í frumvarpinu er lagt til, að í stað Alþýðusambandsins komi Neytendasamtökin. Er það gert vegna þess, að Alþýðusambandið vill ekki nota tilnefningarrétt sinn, en félagsmálaráðherra hefur þurft að tilnefna mann í nefndina í stað Alþýðusambandsins um margra ára skeið. Þá er og lagt til, að í stað Sjómannafélags Reykjavíkur tilnefni Sjómannasamband Íslands mann í nefndina, en telja verður sambandið eðlilegri forsvara sjómannastéttarinnar í landinu heldur en eitt félag innan þess.

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. framleiðsluráðslaganna eiga bændur rétt á útflutningsuppbótum, sem samanlagt mega nema allt að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar ár hvert. Í lögnum eru því hins vegar engin takmörk sett, hversu háar útflutningsuppbætur megi greiða á einstakar vörutegundir, en dæmi þess má finna, að þær hafi numið 300—400%. Framleiðsla vörutegunda, sem þurfa á svo miklum bótum að halda, er auðvitað fráleit og nauðsynlegt að hamla gegn henni. Því er í frumvarpinu bætt aftan við 2. mgr. 12. gr. ákvæði, sem segir, að útflutningsbætur megi þó aldrei verða hærri en 200% á neina vörutegund miðað við fob-verð.

Auk þeirra atriða, er að framan er getið, eru í frumvarpinu nokkur ný ákvæði, sem miða að því að gera verðskráningarkerfið virkara. Verða þeim gerð skil í framsögu.